

## Til formanna skógræktarféлага og fulltrúa á aðalfundi Skógræktarfélags Íslands 2024

Stjórn Skógræktarfélags Íslands leggur til eftirfarandi tillögur að lagabreytingum:

### Tillaga 1

Breyting á 7. grein, b-lið. Grein er nú:

b) Stjórn og starfsfólk Skógræktarfélags Íslands **svo og skógræktarstjóri og starfsfólk Skógræktarinnar og landgræðslustjóri.**

Lagt er til að hún verði:

b) Stjórn og starfsfólk Skógræktarfélags Íslands **og aðrir sem stjórn félagsins ákveður að bjóða hverju sinni, sbr. 8. grein.**

### Greinargerð:

Búið er að sameina Landgræðsluna og Skógræktina í nýja stofnun, Land og skóg. Í 8. grein laga Skógræktarfélagsins er tekið fram að stjórn Skógræktarfélags Íslands geti veitt rétt til fundarsetu „félagsmönnum í skógræktarfélögum, starfsmönnum skógræktarfélaga, starfsmönnum skógræktarverkefna og fulltrúum félagasamtaka, sem vinna að skógrækt“ og hefur stjórn þar með svigrúm og umboð til að bjóða forstöðumanni og starfsfólki hinnar nýju stofnunar til fundar.

### Tillaga 2

Breyting á 6. grein, b-lið og 5. grein, næst síðustu línu. Grein 6., b) er nú:

b) **Lagðir fram endurskoðaðir reikningar til samþykktar.**

Lagt er til að hún verði:

b) **Lagður fram rekstrar- og efnahagsreikningur til samþykktar. Endurskoðandi skal veita faglega aðstoð við gerð reiknings Skógræktarfélags Íslands. Reikningur skal hafa að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um breytingu á eigin fé, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir, aðrar skýringar og sundurliðanir í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006. Reikningurinn miðast við almanaksár.**

**Grein 5., næst síðasta lína er nú:**

Aðalfundur kýs enn fremur tvo skoðunarmenn **ársreikninga** og tvo til vara.

Lagt er til að hún verði:

Aðalfundur kýs enn fremur tvo skoðunarmenn **rekstrar- og efnahagsreiknings fyrir félagið** og tvo til vara.

**Greinargerð:** Bókhald félagsins skal vera í samræmi við lög um bókhald nr. 145/1994 og ársreikningur félagsins skal vera í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006. Í farvatninu eru breytingar á lögum um bókhald og reikningsskil þar sem skilgreiningar munu breytast og kvaðir líklega aukast (s.s. að reikningar séu settir upp af viðurkenndum bókarum). Er því lagt til að í stað “ársreiknings” verði talað um “rekstrar- og efnahagsreikning”.